

Ómar Þ Björgólfsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. september 2014
Tilvísun: UST20140900006/ksj

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Kaldár 1, Fljótsdalshéraði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 1. september sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Kaldár 1, Fljótsdalshéraði.


Áætlað er að reisa 3 frístundahús til útleigu fyrir ferðamenn á lóðinni Kaldá 1. Lóðin er 2,13 ha að stærð og afmarkast af Kaldá að sunnan, landamerkjum við Kaldá 2 að norðan og vestan og línu samsíða Hringvegi 1 til austurs.


Umhverfisstofnun bendir á að núverandi mannvirki á lóðinni eru staðsett nærri Kaldá eða í rúmlega 20 metra fjarlægð. Sbr. 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er óheimilt að hindra ferðir gangandi manna við vatns-, ár- eða sjávarbakka. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. gr. 5.3.2.14. er fjallar um skipulag við vötn, ár og sjó segir eftirfarandi: "Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m." Umhverfisstofnun bendir á að ekki skal gera ráð fyrir nýjum mannvirkjum á ofangreindri lóð nær Kaldá en 50 metrar.

Fráveita

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í væntanlegu deiliskipulagi komi skýrt fram áætlanir um fráveitu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri